

Fimmtudaginn 19. janúar 1995.

Nr. 355/1992.

Guðmundur Sigurður Jóhannsson

gegn

Matthíasi Viktorssyni og

Steinunni Hjartardóttur

(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.)

Ærumeiðingar. Ómerking ummæla. Skriflega flutt mál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. september 1992. Kröfum sínum lýsir áfrýjandi svo:

„Ég krefst þess aðallega:

1) Að hin umstefndu ummæli stefndu um mig í opinberu skjali, – þ. e. a) „Þau eru bæði alkóhólistar,“ b) „Hún sagði að þau væru bæði alkóhólistar og hefði farið í meðferð“ og c) „ekki er hægt að horfa fram hjá áfengisvanda þeirra beggja“ – verði öll dæmd dauð og ómerk.

2) Að hinum stefndu verði gert að sæta birtingu hæstaréttardómsins og greiða mér hæfilegan kostnað hennar vegna, en slík krafa var ekki gerð varðandi héraðsdóm, aðeins að þau yrðu að sæta birtingu.

Fari svo að Hæstiréttur telji að refsí-, þ. e. raunar sakfellingarkrafan hafi verið fyrnd krefst ég þess til vara:

1) Að hin umstefndu ummæli verði alfarið dæmd dauð og ómerk-
-og-

2) að hinum stefndu verði dæmt að greiða mér hæfilegan kostnað við birtingu dómsins í opinberu blaði, en ef þessi krafa þykir ekki samrýmast því að slík krafa var eigi uppi höfð varðandi héraðsdóm verði þeim alltént gert að sæta birtingu hans.

Telji Hæstiréttur að þessi krafa (2 i. f.) sé af einhverjum ástæðum ekki dómhæf krefst ég þess til þrautavara – sem er reyndar meginkrafa, alfa og ómega þessa málatilbúnaðar: að hin umstefndu ummæli verði í öllu falli dæmd dauð og ómerk.

Það er síðan alfarið krafa mín, aðal-, vara- og þrautavarakrafa, að hin stefndu verði dæmd til að greiða mér fullan málskostnað fyrir báðum dómstigum og verði þá enn frekar tekið tillit til þess að stefndu höfðu áður í héraði tapað málarekstri um formhlið máls-frávísunarkröfu sína.“

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Málið er skriflega flutt hér fyrir dómi samkvæmt heimild í 3. mgr. 15. gr. laga nr. 38/1994, sbr. 161. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málavöxtum er að nokkru lýst í hinum áfrýjaða dómi.

I.

Fram er komið í málinu, að stefndu sömdu í sameiningu drög að umsögn félagsmálaráðs Sauðárkróks um aðstæður og hagi Freyju Guðmundsdóttur, sambúðarkonu áfrýjanda, en í umsögninni eru ummæli þau, sem áfrýjandi telur ærumeiðandi gagnvart sér. Í þessum drögum kemur jafnframt fram tillaga um niðurstöður, en umsögnin var samin í tilefni deilu Freyju og fyrrum eiginmanns hennar um forsjá tveggja sona þeirra og byggðist meðal annars á viðtölum stefndu við áfrýjanda og sambúðarkonu hans. Á fundi í félagsmálaráði 31. október 1990 voru niðurstöður könnunar stefndu á högum Freyju samþykktar nær óbreyttar. Var umsögnin, dagsett 1. nóvember 1990, send dóms- og kirkjumálaráðuneyti, og var hún ekki undirrituð af öðrum en stefndu fyrir hönd félagsmálaráðs Sauðárkróks.

Þegar þetta er virt, verður ekki talið, að aðrir eigi óskipta sakaradild með stefndu, og er þeim því réttilega stefnt til aðildar í málinu.

II.

Áfrýjandi krefst meðal annars ómerkingar þessara ummæla í umsögn félagsmálaráðs: „Hún sagði að þau væru bæði alkóhólistar og hefði farið í meðferð.“ Þessi ummæli eru höfð eftir sambúðarkonu áfrýjanda, en önnur ummæli, sem áfrýjandi krefst ómerkingar á, fela í sér beinar fullyrðingar stefndu sjálfra.

Hefur áfrýjandi skýrt svo frá, að hann hafi aldrei farið í áfengis meðferð, og er ekkert fram komið í málinu, sem hnekkir þeirri staðhæfingu hans.

Í bréfi áfrýjanda 27. desember 1990 til félagsmálaráðs Sauðárkróks mótmælti hann réttmæti ummæla stefndu, að því er hann sjálfan varðaði, og skoraði á ráðið að rita dómsmálaráðuneytinu bréf og leiðréttu formlega ranghermi sitt. Í bréfinu segir meðal annars, að hann hafi aldrei farið í áfengis meðferð og ekki leitað til lækna eða annarra vegna áfengisneyslu sinnar, enda hefði slíks ekki gerst þörf. Benti hann jafnframt á, að rangfærslurnar væru líklegar til að gefa ráðuneytinu villandi og ranga mynd af stöðu mála og hafa áhrif á úrskurð þess í forræðismálinu Freyju í óhag. Bréfi áfrýjanda fylgdi yfirlýsing Freyju þess efnis, að hún hafi aldrei látið þau orð falla um sambúðarmann sinn, að hann væri alkóhólisti og hafi farið í meðferð vegna áfengisneyslu.

Bréfi þessu svöruðu stefndu fyrir hönd félagsmálaráðs Sauðárkróks 15. janúar 1991, þar sem áfrýjanda var endursent bréf hans frá 27. desember 1990. Var honum jafnframt bent á, að hefði hann athugasemdir fram að færa við umsögn ráðsins frá 1. nóvember 1990, gæti hann sjálfur komið þeim á framfæri við dómsmálaráðuneytið.

Í greinargerð stefndu fyrir héraðsdómi var síðan á því byggt, að þau teldu sig hafa verið að skýra satt og rétt frá í umsögninni. Er sérstaklega tekið fram, að stefndu hafi bæði heyrt Freyju viðhafa þau ummæli, sem eftir henni eru höfð í umsögn félagsmálaráðs Sauðárkróks. Breyti engu, þótt hún vilji nú ekki við þau kannast.

Við aðalmeðferð málsins komu stefndu bæði fyrir dóm. Kom nú fram hjá þeim sú skýring á ummælum um áfengis meðferð áfrýjanda, að þau byggðust á misritun. Á eftir orðinu „hefði“ í þessum ummælum ætti að standa orðið „hún“. Hafi þau bæði vitað, er umsögnin var samin, að Freyja hefði farið í áfengis meðferð og að áfrýjandi hefði ekki farið í slíka meðferð. Stefndu hafa ekki gefið skýringu á því, hvers vegna þau hafi ekki greint frá þessu fyrr.

Að fenginni þessari nýju skýringu lýsti lögmaður stefnanda í héraði yfir því í munnlegum málflutningi, að hann félli frá kröfum vegna þeirra ummæla, sem höfð voru eftir Freyju Guðmundsdóttur í nefndri umsögn. Málið var endurupptekið nokkru síðar og munnlega flutt að nýju. Kom þá fram sú breyting á kröfugerð stefnanda í

héraði, að einungis væri fallið frá refsikröfu vegna þeirra ummæla, sem höfð voru eftir Freyju, en haldið fast við kröfu um ómerkingu þeirra.

Kröfugerð stefnanda í héraði var að þessu leyti á reiki, og fær þessi síðari viðbót við kröfugerð ekki samrýmst því, að krafa vegna þessara ummæla hafði áður verið skilyrðislaust felld út úr málinu. Ekki kemur heldur fram í endurriti úr þingbók skýlaust samþykki stefndu á þessari viðbót við kröfugerð stefnanda. Við svo búið fær krafa áfrýjanda hér fyrir dómi um ómerkingu þessara ummæla ekki komist að í málinu.

III.

Áfrýjandi krefst ómerkingar þessara ummæla: „Þau eru bæði alkóhólistar“ og „ekki er hægt að horfa fram hjá áfengisvanda þeirra beggja.“ Telur hann þau ósönn og óréttmæt, að því er sig sjálfan varðar. Hefur áfrýjandi lagt áherslu á, að drykkjuvenjur sínar réttlæti ekki slíka lýsingu á honum sjálfum, og síst af öllu í skjali frá opinberum aðila og í ljósi þeirra miklu hagsmuna, sem í húfi voru í því máli. Hefur áfrýjandi engu að síður viðurkennt, að hann neyti stundum áfengis í verulegum mæli. Áfengisneysla sín hafi hins vegar ekki leitt til neinna vandkvæða fyrir sig. Hún komi á engan hátt niður á atvinnu sinni, heimili eða fjárhag né öðrum þáttum í lífi sínu. Engin félagsleg vandamál hafi heldur af þeim leitt utan það, að hann hafi verið sviptur ökuréttindum vegna ölvunar við akstur. Hefur áfrýjandi leitt nokkur vitni fyrir dóm, sem hafa borið um áfengisnotkun hans. Er framburður þeirra í meginatriðum í samræmi við staðhæfingar áfrýjanda sjálfs að þessu leyti.

Til réttlætningar orðum sínum hafa stefndu einkum vísað til þess, að áfrýjandi hafi á opinberum vettvangi látið uppi viðhorf til neyslu áfengis og vímuefna, sem verði að teljast óvenjuleg. Þar komi fram, að gefa ætti frjálsa neyslu vímuefna, svo sem hass og amfetamíns. Meðal annars vegna þessara skoðana áfrýjanda hafi stefndu sem starfsmönnum félagsmálaráðs Sauðárkróks verið nauðsyn á að koma þeirri skoðun sinni á framfæri, að áfrýjandi ætti við áfengisvandamál að stríða í viðtekinni merkingu þess orðs og samkvæmt almenntri viðmiðun. Þá hafa stefndu lagt fyrir Hæstarétt gögn varð-

andi tvö atvik, er gerst hafa, eftir að umrædd ummæli voru viðhöfð, og tengjast áfengisneyslu áfrýjanda.

Ekki verður á það fallist, að skoðanir áfrýjanda á tilteknum málum, hversu óvenjulegar sem þær kunna að vera, geti falið í sér réttlætingu á þeim staðhæfingum um hann, sem felast í orðum stefndu og hafðar voru uppi í umsögn stjórnvalds til úrskurðaraðila í máli, sem tengdist ríku hagsmunum áfrýjanda og sambúðarkonu hans. Ekki verður heldur talið, að atvik, sem gerst hafa, eftir að ummæli stefndu voru fram borin, og teljast ámælisverð fyrir áfrýjanda, geti réttlætt orð þeirra eða skipt máli við úrlausn ágreinings aðila. Með því að stefndu hafa ekki heldur að öðru leyti rennt stoðum undir ummæli sín, verður að telja þau óréttmæt gagnvart áfrýjanda, og ber að ómerkja þau, að því er hann varðar, sbr. 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hefur þá ekki gefist tilefni til að taka afstöðu til réttmætis þeirra gagnvart þeim einstaklingi, sem ummælin beindust jafnframt að.

IV.

Með vísan til forsendna héraðsdóms er staðfest sú niðurstaða, að stefndu verður ekki gerð refsing fyrir ummæli sín þegar af þeirri ástæðu, að frestur samkvæmt 29. gr. almennra hegningarlaga til að hafa uppi refsikröfu var liðinn, er mál þetta var höfðað. Þá eru ekki uppfyllt skilyrði til, að áfrýjandi megi hafa uppi nýja kröfu fyrir Hæstarétti á hendur stefndu um greiðslu kostnaðar vegna birtingar dóms í málinu. Krafa áfrýjanda þess efnis, að stefndu verði gert að sæta birtingu dóms Hæstaréttar, telst ekki hafa lagastöð.

Eftir þessum úrslitum verða ómerkt þau ummæli stefndu, sem tilfærð eru í III. kafla hér að framan, að því er áfrýjanda varðar. Þá verður stefndu gert að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Framangreind ummæli skulu vera ómerk.

Stefndu, Matthías Viktorsson og Steinunn Hjartardóttir, greiði áfrýjanda, Guðmundi Sigurði Jóhannssyni, 80.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Sauðárkróks 9. júní 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. júní 1992, hefur Guðmundur Sigurður Jóhannsson, Skógargötu 10, Sauðárkróki, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 15. júlí 1991, gegn Matthíasi Viktorssyni, Víðihlíð 5, Sauðárkróki, og Steinunni Hjartardóttur, Birkihlíð 19, Sauðárkróki.

Dómkröfur.

Stefnandi hefur endanlega gert þær kröfur, að ummæli í umsögn félagsmálaráðs Sauðárkróks til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, sem dagsett er 1. nóvember 1990, um aðstæður og hagi Freyju Guðmundsdóttur, sambýliskonu stefnanda, verði dæmd dauð og ómerk: 1) „Þau eru bæði alkóhólistar...“, 2) „Hún sagði að þau væru bæði alkóhólistar og hefði farið í meðferð.“ og 3) „...ekki er hægt að horfa fram hjá áfengisvanda þeirra beggja.“, að stefndu verði dæmd til vægustu refsingar, sem lög leyfa, fyrir framangreind ummæli undir tölulíðum 1) og 3), og er refsikrafan þó skilyrt þannig, að enngar refsingar er krafist, nema sú krafa sé forsenda kröfu um ómerkingu, að stefndu verði dæmd til að sæta því, að dómur í málinu verði birtur í bæjarmála- og héraðsfréttablaðinu Feyki, sem gefið er út á Sauðárkróki, þó án kostnaðar fyrir stefndu, enda komi sú birtingarskylda fram í dómsorði, og að stefndu verði in solidum gert að greiða stefnanda sanngjarnan, en hæfilegan málskostnað að mati dómsins.

Stefndu hafa krafist þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að þau verði sýknuð, svo og, að stefnandi verði dæmdur til greiðslu hæfilegs málskostnaðar.

Málsástæður.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að stefndu hafi í þriggung farið með aðdróttanir eða móðganir í sinn garð í umsögn félagsmálaráðs Sauðárkróks, dagsettri 1. nóvember 1990, er send var dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, þar sem fjallað var um aðstæður og hagi Freyju Guðmundsdóttur, sambýliskonu hans, vegna forsjármáls, sem hún átti í við fyrrverandi eiginmann sinn. Stefnandi kveður ummælin vera eftirfarandi: 1) á blaðsíðu 1: „Þau eru bæði alkóhólistar ...“, 2) á blaðsíðu 2: „Hún sagði að þau væru bæði alkóhólistar og hefði farið í meðferð.“ og 3) á blaðsíðu 3: „...ekki er hægt að horfa fram hjá áfengisvanda þeirra beggja.“ Stefnandi kveður þessar fullyrðingar með öllu rangar og ástæðulausar gagnvart sér, og séu þær af þeim sökum svívirðilegar og mannskemmandi, þar sem stefndu hafi borið þau út á mjög alvarlegum, þýðingarmiklum og hættulegum vettvangi. Stefnandi

kveður sambýliskonu sína aldrei hafa viðhaft ummæli við stefndu, sem gæfu ástæðu til þessara staðhæfinga í umsögninni, og hafnar því algerlega, að neins konar háttsemi af sinni hálfu, hvað þá ótilhlýðileg, hafi verið tilefni þessa. Hann kveðst aldrei hafa farið í lækni meðferð fyrir áfengissjúklinga. Stefnandi kveðst hafa skorað á stefndu að taka ummæli sín til baka, en þau hafi ekki sinnt því.

Stefnandi kveðst reisa refsikröfu sína á 234. gr. eða 235. gr. 1. nr. 19/1940 eða báðum þessum ákvæðum saman, og krafa um ómerkingu sé reist á 1. mgr. 241. gr. 1. nr. 19/1940.

Stefndu reisa kröfu sína um frávísun á því, að réttum aðilum hafi ekki verið stefnt, hin umstefndu ummæli hafi verið sett fram fyrir hönd félagsmálaráðs Sauðárkróksbæjar og dómur yfir hinum stefndu persónulega geti því ekki bundið bæjaryfirvöld á Sauðárkróki. Stefndu telja, að rétt hefði verið að stefna bæjarstjóranum á Sauðárkróki vegna félagsmálaráðs bæjarins. Til stuðnings frávísunarkröfum sínum vísa stefndu til 45. gr. og 1. mgr. 46. gr. 1. nr. 85/1936.

Varakröfu sína styðja stefndu í fyrsta lagi því, að um aðildarskort sé að ræða, því að félagsmálaráð Sauðárkróksbæjar sé réttur aðili málsins. Þessi sýknuástæða kom skýrt fram við munnlegan málflutning stefndu 7. maí sl., án þess að henni væri mótmælt sérstaklega af hálfu stefnanda sem of seint fram kominni. Í öðru lagi telja stefndu ekki felast neinar aðdróttanir í hinum umstefndu ummælum og þau ekki sett fram í því augnamiði, heldur hafi stefndu aðeins verið að gæta skyldu sinnar sem barnaverndaryfirvald á Sauðárkróki. Í nefndri umsögn félagsmálaráðs Sauðárkróks til dóms- og kirkjumálaráðuneytis hafi einungis verið settar fram staðreyndir um heimilisástæður sambýliskonu stefnanda eftir sjálfstæða athugun. Stefndu kveðast hafa rätt við sambýliskonu stefnanda eina sér og síðan við þau stefnanda saman. Hin umstefndu ummæli séu höfð eftir sambýliskonu stefnanda í einkasamtali við hana í tengslum við umsögnina. Telja stefndu það engu breyta, þótt sambýliskona stefnanda vilji ekki nú kannast við að hafa viðhaft ummæli, sem stefndu höfðu eftir henni, enda voru stefndu bæði viðstödd, þegar þau voru sögð, sem opinberir sýslunarmenn. Stefndu telja, að nauðsynlegt hafi verið að setja fram hin umstefndu ummæli, meðal annars með tilliti til óvenjulegra viðhorfa til áfengis- og vímuefnaneyslu, sem fram hafi komið í viðtali, er birtist í dagblaðinu Degi á Akureyri 4. febrúar 1989. Stefndu telja umsögnina trúnaðarskjal til ráðuneytisins, og hafi fulltrúar í bæjarstjórn Sauðárkróks ekki aðgang að því nema samkvæmt sérstakri beiðni, hvað þá óviðkomandi aðilar. Þegar þetta sé haft í huga og einnig það, að starfsmenn ráðuneytisins séu bundnir þagnarskyldu, telja stefndu, að ummælin hafi alls ekki verið borin út.

Niðurstöður dómsins.

Frávísunarkrafan: Úrskurður var kveðinn upp um frávísunarkröfu stefndu 19. febrúar 1992, og var henni hafnað. Stefndu vísa aðallega til aðildarskorts, en sú málsástæða leiðir ekki til frávísunar, sbr. 2. mgr. 45. gr. l. nr. 85/1936. Grundvöllur málsóknar stefnanda er sá, að stefndu hafi ein ráðið efnistökom og orðfæri umsagnarinnar og undirritað umsögnina, þar sem hin átöldu ummæli koma fram. Kröfur stefnanda beinast ekki að stefndu sem hluta félagsmálaráðs Sauðárkróks, enda því beinlínis fram haldið af hans hálfu, að kröfur hans beinist persónulega að stefndu. Þegar þessi atriði eru virt, taldi dómurinn ekki ástæðu til að vísa málinu frá, með vísun til 1. mgr. 46. gr. l. nr. 85/1936, sbr. l. nr. 54/1988, 9. gr.

Refsikrafan: Í málinu liggur fyrir, að stefnanda var kunnugt um umsögn félagsmálaráðs Sauðárkróks, sem dags. er 1. nóvember 1990, í síðasta lagi 27. desember 1990, en þann dag ritaði stefnandi félagsmálaráði Sauðárkróks og skoraði á viðkomandi að leiðrétta tiltekin ranghermi, meðal annarra hin umstefndu ummæli. Afrit af bréfi þessu er meðal sóknargagna. Mál þetta er hins vegar ekki höfðað fyrr en 20. júlí 1991 gagnvart stefnda, Matthíasi, og ekki fyrr en 7. ágúst gagnvart stefndu, Steinunni. Samkvæmt ákvæðum 1. tl. 29. gr. l. nr. 19/1940 fellur heimild til að höfða einkamál til refsingar niður, ef mál er ekki höfðað, áður en 6 mánuðir eru liðnir, frá því að sá, sem heimildina hefur, fékk vitneskju um hinn seka. Frestur þessi var liðinn, áður en mál þetta var höfðað, og ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefndu af refsikröfunni án kröfu samkvæmt 138. gr. l. nr. 74/1974.

Ómerkingarkrafan: Félagsmálaráð Sauðárkróks, sem starfar eftir II., sbr. IV. kafla l. nr. 53/1966, með síðari breytingum, hefur það hlutverk að hafa eftirlit með uppeldi og hegðun barna og ungmenna í kaupstaðnum, eins og nánar greinir í lögnum. Kröfur stefnanda varða ummæli ráðsins í lögboðinni umsögn, sbr. 38. gr. l. nr. 9/1981, og verður þeim einungis beint að ráðinu, eins og það var á þeim tíma, er það lét uppi umsögn sína. Með þessum rökstuðningi, sbr. H. 1981, 266, og vísun til 2. mgr. 45. gr. l. nr. 85/1936 eru stefndu sýknuð af ómerkingarkröfu stefnanda.

Birtingarkrafan: Þessi krafa hefur enga lagastoð og verður þegar af þeirri ástæðu ekki tekin til greina.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefndu málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn 70.000 kr.

Ingvar Þóroddsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Matthías Viktorsson og Steinunn Hjartardóttir, skulu vera sýkn af kröfum stefnanda, Guðmundar Sigurðar Jóhannssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefndu í málskostnað samtals 70.000 kr.
